

Reykjavík, 5. janúar 2021

Borgarráð Reykjavíkur
b.t. skrifstofu borgarstjórnar
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Á fundi borgarráðs 27. nóvember 2020 var lögð fram fyrirspurn í þremur liðum frá borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um húsnæðisbætur sem hlutfall af leigutekjum Félagsbústaða - R20110343.

1. Hversu mikill hluti leigutekna Félagsbústaða hf. eru húsnæðisbætur skv. lögum nr. 75/2016 sem eru mánaðarlegar greiðslur til lækkunar á húsnæðiskostnaði efnaminni leigjenda íbúðarhúsnæðis hér á landi?
2. Hversu mikill hluti er sérstakur húsnæðisstuðningur frá Reykjavíkurborg? Stuðningurinn er ætlaður fjölskyldum og einstaklingum sem eru ekki á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði vegna lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og félagslegra aðstæðna.
3. Þá er óskað upplýsinga um hvort hvoru tveggja sé greitt beint til Félagsbústaða hf.

Svar Félagsbústaða:

1. Á sex mánaða tímabili, frá júlí til desember 2020, var samanlagt hlutfall húsnæðisbóta HMS og sérstaks húsnæðisstuðnings Reykjavíkurborgar 36% af leigugreiðslum vegna félagslegs íbúðarhúsnæðis.
2. Á sex mánaða tímabili, frá júlí til desember 2020, nam hlutfall sérstaks húsnæðisstuðnings 13,3% leigutekna. Þess má geta að í september og október 2020 fengu 58% leigjenda sérstakan húsnæðisstuðning og 86% fengu húsnæðisbætur.
3. Í samræmi við 11. gr. leigusamninga milli leigjenda og Félagsbústaða greiða HMS og Reykjavíkurborg húsnæðisstuðning eftir því sem við á beint til Félagsbústaða.

„11. Húsnæðisbætur, sérstakur húsnæðisstuðningur eða önnur opinber húsnæðisaðstoð
Leigjandi heimilar að húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur sem hann á eða mun eiga rétt á greiðist til Félagsbústaða hf.“

Virðingarfyllst,



Sigrún Árnadóttir,
framkvæmdastjóri